



Bygðastofnun

Prúnarsvið

Alþingi
Erindi nr. P 138/343
komudagur 1.12.2009

Dagsetning
30.11.2009

Efnahags- og skattanefnd Alþingis
Alþingishúsinu við Austurvöll
150 Reykjavík

Efnahags- og skattanefnd Alþingis hefur óskað eftir umsögn Bygðastofnunar um tillögu til þingsályktunar um nauðsynlegar bráðabirgðaaðgerðir vegna alvarlegs ástands efnahagsmála, mál 3.

Hlutverk Bygðastofnunar er að vinna að eflingu byggðar og atvinnulífs á landsbyggðinni og miðast eftirfarandi umsögn við áhrif tillagnanna á þá þætti. Ekki hefur verið fjallað um umsögnina í stjórn stofnunarinnar.

Tillagan er um aðgerðir í ríkisfjármálum, hagstjórn og skuldavanda heimila og atvinnufyrirtækja. Bygðastofnun telur að gæta þurfi að því að aðhaldsaðgerðir á sviði ríkisfjármála komi ekki með þyngri hætti niður á starfsemi ríkisstofnana á landsbyggðinni en á höfuðborgarsvæðinu. Stofnunin leggur einnig áherslu á að erlend nýfjárfesting og ríkisframkvæmdir nái til landsins alls, enda eru auðlindir landsins víðs vegar og uppbygging innviða þarf að taka mið af því. Ástand atvinnumála er vissulega erfiðast á suðvesturhluta landsins nú, en fábreytt atvinnuástand á landsbyggðinni hefur á undanförmum áratugum leitt til gríðarlegra fólksflutninga til suðvesturhluta landsins. Ekki verður séð að hagstjórnarútræðin hafi annars konar áhrif á landsbyggðinni, en á höfuðborgarsvæðinu. Skuldavandi heimila er væntanlega meiri þar sem fasteignaverð hefur verið hærra, en hugmyndir um leiðir varðandi skuldavanda, sem fram koma í tillögunum virðast almennt séð sanngjarnar.

Virðingarfyllt

Guðmundur Guðmundsson
Sérfræðingur á þrúnarsviði Bygðastofnunar